

STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR ALMENNINGSALEARNI

Samræmd starfsleyfissskilyrði vegna hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1	Starfsleyfið gildir fyrir almenningssalerni.		
1.2	Ef um annan starfsleyfissskildan rekstur er að ræða samhliða gilda viðeigandi starfsleyfissskilyrði	941/2002, 14. gr.	
1.3	Starfsleyfið gildir aðeins í húsnæði sem tilgreint er í starfsleyfinu og hlotið hefur samþykki byggingarnefndar fyrir starfsemina.	941/2002, 14. gr.	
1.4	Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti, þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfi.	941/2002, 3. gr.	
1.5			

2. HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1	Húsnæði skal vera vel viðhaldið. Húsnæðið skal vera aðskilið frá óskyldri starfsemi eða íbúð.	578/2017, 4. gr.,c	
2.2	Stærð, gerð og fjöldi salernisklefa fer eftir ákvæðum byggingareglugerðar	112/2012. 6.8. kafli.	
2.3	Salerni skulu loftræst með opnanlegum glugga eða vélrænni loftræsingu.	941/2002, 15. gr.	
2.4	Húsnæði skal vera vel við haldið.	941/2002, 15. gr.	
2.5	Þar sem skilrúm salernisklefa ná ekki niður að gólfi og upp að lofti skulu salernisrými vera aðgreind fyrir karla og konur	941/2002, 15. gr.	
2.6	Handlaug með heitu og köldu vatni og tilheyrandi hreinlætisbúnaði skal vera í klfanum eða við hann í sérstöku rými	941/2002, 15. gr.	
2.7	Ruslafata með loki skal vera í hverjum salernisklefa	941/2002, 15. gr.	

3. HÁVAÐI

		Rgl.nr.	Uppfyllt
3.1	Um hávaða gildir reglugerð um hávaða.	724/2008	

4. HREINLÆTI OG ÞRIF

		Rgl.nr.	Uppfyllt
4.1	Húsnæði og öll aðstaða skal þriffin daglega eða oftár eftir þörfum. Sjálfhreinsandi salerni skulu háð daglegu eftirliti rekstaraðila. Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um skriflega hreinlætisáætlun.	941/2002, 14. gr.	
4.2	Salernisklefi og anddyri skulu vera úr eða klædd efni sem gott er að halda hreinu.	941/2002, 15. gr.	
4.3	Gólfefni og frágangur húsnæðis skal vera þannig að þrif séu auðveld.	941/2002, 14. gr.	
4.4	Reykingar eru bannaðar á almenningsalernum. Bannið nær til húsnæðis og lóðar.	326/2007, 2. gr.	
4.5	Um notkun á tóbaki og aðra tóbaksneyslu fer skv. ákvæðum laga um tóbaksvarnir .	Lög nr. 6/2002	
4.6			

5. ÖRYGGI OG SLYSAVARNIR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
5.1	Vatnskerfi skal vera þannig að ekki sé hættá á húðbruna almenns notenda. Uppfylla skal kröfur um öryggi vatns í samræmi við 14.5.10 gr. byggingareglugerðar	578/2017, 3. gr.,d	

6. UMHVERFISMÁL

		Rgl.nr.	Uppfyllt
6.1	Aðkoma og lóð skulu vera hrein og snyrtileg og uppfylla almenn öryggissjónarmið.	941/2002, 18., 34. gr	
6.2	Losa skal þurrsalerni og færanleg salerni á viðurkenndum móttökustöðum.	798/1999	
6.3	Fara skal að ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólþ eftir því sem við á.	798/1999	
6.4	Leitast skal við að nota umhverfisvæn efni til þrifa o.þ.h. þar sem því verður við komið og forðast óþarfa notkun á efnavöru.	941/2002, 14. gr	

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:


- Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, m.s.br.
- Reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002, m.s.br.
- Reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003
- Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ, m.s.br.
- Lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir,

- Lögum nr. 93/1995 um matvæli.
- Reglugerð nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla.
- Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn.
- Byggingarreglugerð nr. 812/2012.

Atvinnugreinaflokkur (ISAT):

96090 Önnur ótalin þjónustustarfsemi

Reykjavík, 12.07.2018



Kristín Linda Árnadóttir

